

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

901. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 29. mars 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Lögð fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.**
 - a) **1603035** Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ingvar H. Jakobsson sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Ytri Árbakka í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
 - b) **1603034** Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Elías Guðmundsson sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Höfðabraut 44, austuríbúð í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
 - c) **1603038** Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ólafur H. Guðmundsson sækir f.h. Félagsheimilisins Hvammstanga um leyfi til að reka veitingastað í flokki I að Klapparstíg 4 á Hvammstanga í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
2. **160303 Lögð fram beiðni um áframhaldandi skólavist í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda skólaárið 2016-2017.** Byggðarráðið samþykkir beiðnina.
3. **1601009 Lagt fram svarbréf MAST dags. 15. febrúar sl. við beiðni um vortalningu á fjallskilaskyldu búfé í Húnaþingi vestra.** Samþykkt að senda svarbréfið til fjallskilastjórna og landbúnaðarráðs.
4. **Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 17. mars sl.**
5. **Lögð fram til kynningar með áorðnum breytingum fundargerð félagsfundar Veidifélags Miðfirðinga frá 30. janúar sl.**
6. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. mars sl.**

7. **Lögð fram til kynningar ályktun ungmennaráðstefnu UMFÍ „Ungt fólk og lýðræði.“**
8. **Lagt fram bréf Landsnets**, þar sem boðið er til vorfundar á Hilton Reykjavík Nordica kl 9-11 þriðjudaginn 5. apríl nk.
9. **Lögð fram drög að samningi við Þvottahúsið Perluna um ræstingu í Grunnskóla Húnaþings vestra.** Byggðarráð samþykkir drögin og felur sveitarstjóra undirritun samningsins.
10. **Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.** sem haldinn verður föstudaginn 8. apríl nk. á Grand Hótel Reykjavík kl 15:30. Samþykkt að sveitarstjóri Guðný Hrund Karlsdóttir fari með atkvæði Húnaþings vestra á fundinum.
11. **Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda.** Byggingafulltrúi Ólafur Jakobsson mætir til fundar og leggur fram tillögu að breytingu á gjaldskrá byggingarleyfisgjalda. Byggðarráði líst vel á tillöguna og felur byggingafulltrúa að vinna að nánari útfærslu.
12. **Gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra.** Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs mætir til fundar og leggur fram tillögu að breytingu á gjaldskrá hitaveitu. Byggðarráð samþykkir að vísa tillögu að breyttri gjaldskrá til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt að taka á dagskrá

13. **Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár,**
sem haldinn verður í Veiðihúsinu Tjarnarbrekku laugardaginn 2. apríl kl 13:00.
Samþykkt að sveitarstjóri fari með atkvæði Húnaþings vestra á fundinum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:38

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir